

## Tillaga til 417. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 3. maí 2018

Tillaga 497. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar sem haldinn var 25. apríl sl. um að samþykkja auglýsta deiliskiplagstillögu frá Verkís dags. 5. janúar 2018. Deiliskiplagstillagan var auglýst skv. 1.mgr. 43. gr. skipulagslaga. Ein athugasemd barst við auglýsta tillögu og taldi nefndin að athugasemd ætti ekki rétt á sér.

### 2. Tunguskeið - Óveruleg breyting á deiliskiplagi. - 2017010033

Deiliskiplagstillaga ásamt greinargerð dags. 5. janúar vegna iðnaðarhluta Tunguskeiðs var auglýst skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var tillagan til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar frá og með 23. febrúar til og með 9. apríl 2018. Á auglýstum tíma barst ein athugasemd frá Ragnheiði Hákonardóttur með tölvupósti dags.13.03.2018

*Skv. skipulagsreglugerð ber að sýna veghelgunarsvæði á deiliskiplagsupprætti, enda svæði sem um gilda takmarkanir sbr. 32. gr. vegalaga. Veghelgunarsvæði er í gildi óháð því hvort það er sýnt á upprætti eða ekki. Ekki er um aðrar kvæðir en þær sem vísað er til í vegalögum. Að mati nefndar á athugasemd Ragnheiðar Hákonardóttur ekki við rök að styðjast. Nefndin leggur til við bæjastjórn að samþykkja upprátt óbreyttan sem auglýstur var skv. skv. 1.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010*